

# Fundargerð 302. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 3. september 2024  
**Fundartími:** 16:00-16:50  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Harpa Magnúsdóttir  
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Fundargerðir skipulagsnefndar:

**Nr. 285, dags. 14.08.2024**

### a) Skógsnes 3 (L229834); byggingarheimild; aðstöðuhús – 2407045

Móttækin var umsókn, þann 11.07.2024, um byggingarheimild fyrir 45,3 m<sup>2</sup> aðstöðuhús á landinu Skógsnes 3 L229834 í Flóahreppi.

*Sé tekið mið af núverandi legu Hamarsvegar er gert ráð fyrir því að umsótt aðstöðuhús standi of nálægt vegi sbr. kröfum 5.3.2.5 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 lið d. er varðar fjarlægð á milli bygginga og vega. Mælist nefndin því til þess að húsið verði staðsett í a.m.k. 50 metra fjarlægð frá núverandi legu Hamarsvegar í takt við kröfur skipulagsreglugerðar. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfu byggingarheimildar í núverandi mynd verði synjað.*

Sveitarstjórn Flóahrepps fer fram á að 45,3 m<sup>2</sup> aðstöðuhús sem sótt er um á landinu Skógsnes 3 L229834 verði staðsett í a.m.k. 50 metra fjarlægð frá núverandi legu Hamarsvegar í takt við kröfur skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 lið d. er varðar fjarlægð á milli bygginga og vega. Sveitarstjórn synjar útgáfu byggingarheimildar í núverandi mynd. Samþykkt með 5 atkvæðum.

### b) Flóahreppur og Árborg; Selfosslína 1; Breytt lega loftlínu SE1;

**Aðalskipulagsbreyting – 2311074**

Lögð er fram tillaga að breyttu aðalskipulagi Flóahrepps er varðar breytta legu raflínu innan aðalskipulags Flóahrepps og Árborgar eftir auglýsingu. Landsnet ráðgerir að Selfosslína 1 (66 kV) verði tekin niður á kaflanum frá núverandi tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 sem er norðan við Hellisskóg, norðan Ölfusár. Í staðinn verði lagður 132 kV jarðstrengur. Nýr jarðstrengur mun í megindráttum fylgja nýrri legu Suðurlandsvegar norðaustan við Selfoss og fara um nýja brú yfir Ölfusá, fylgir þaðan Ölfusá til norðurs. Áætluð lengd jarðstrengs frá tengivirki á Selfossi að mastri nr. 99 er um 3,1 km. Núverandi háspennulína og fyrirhugaður jarðstrengur liggja um sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Breytingin nær til þéttbýlis á Selfossi og dreifbýlis beggja vegna Ölfusár, norðan og austan við Selfoss. Breytingin nær einnig til dreifbýlis í Flóahreppi. Í breyttri tillögu aðalskipulags Árborgar 2020-2036, eftir kynningu, er gert ráð fyrir að strengurinn muni fara í jörðu norðan við Austurveg (var áður við Larsenstræti) frá spennuvirkishúsi Landsnets og til norðurs, austan við hreppamörk Flóahrepps. Til skoðunar er, í samráði við Vegagerðina, að strenglega verði þar færð nær nýjum Suðurlandsvegi, þ.e. meðfram hringtorgi því er beinir umferð niður á núverandi hringtorg austast á Austurvegi. Samhliða eru sveitarfélagsmörk

innan aðalskipulags Flóahrepps leiðrétt í takt við skilgreind mörk sveitarfélaganna innan aðalskipulags Árborgar. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar gildandi aðalskipulags. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu, sbr. tl. 13.02 í viðauka 1 í lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Samhliða aðalskipulagsbreytingu var unnin matstilkynning og send til Skipulagsstofnunar.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingu á aðalskipulagi er varðar breytta legu loftlínu SE1 innan aðalskipulags Flóahrepps og Árborgar eftir auglýsingu og óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**c) Stóra-Ármót L166274; Stækkun íbúðarbyggðar; Aðalskipulagsbreyting – 2407030**

Lögð er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Svæðið sem breytingin nær til er úr landi Stóru-Ármóta L166274. Áætlað er að stækka 9 ha íbúðarbyggð um 4 ha og fjölga lóðum úr 7 í 10, um 1,3 ha hver. Svæðið er skilgreint sem íbúðarbyggðarsvæði ÍB4 í gildandi aðalskipulagi. Landbúnaðarland minnkar sem nemur breytingunni. Deiliskipulag svæðis verður breytt samhliða breytingu aðalskipulags.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin nær til stækkunar íbúðarbyggðar í Stóra-Ármóti L166274.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**d) Bitra land L200842; Landbúnaðarlóðir; Hótel og smáhýsi; Deiliskipulag – 2307047**

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til svæðis Bitru lands L200842 eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á fjórum landbúnaðarlóðum og fjórum verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s. gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Enn fremur er gert ráð fyrir um 30 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gist allt að 120 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda samhliða*



*gildistöku aðalskipulagsbreytingar og að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag vegna Bitru land L200842 eftir auglýsingu og að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda samhliða gildistöku aðalskipulagsbreytingar og að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**e) Bitra land L200842; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2302064**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bitru lands L200842 í Flóahreppi eftir auglýsingu. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands skilgreint sem frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að 30 ha af svæðinu verði skilgreindir sem landbúnaðarsvæði og um 13 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er að fjölga íbúum sveitarfélagsins og þar með nýta betur þá þjónustu og innviði sem fyrir eru s.s. vegakerfi og veitur. Einnig að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli á stórum lóðum með möguleika á aðstöðu fyrir t.d. hesta, trjárækt o.þ.h. Þá sé markmiðið með verslunar- og þjónustulóðum að auka kosti í þjónustu og ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Á staðnum verði miðað að því að þar verði hægt að taka á móti stærri hópum í einu en skortur sé á slíkri aðstöðu í sveitarfélaginu. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum og viðbrögðum málsaðila. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnum að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*


Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingu á aðalskipulagi fyrir Bitru land L200842 eftir auglýsingu og óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum og viðbrögðum málsaðila.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**f) Þjósárbraut 2; Stórholt; landbúnaðarsvæði í verslun og þjónustu; Deiliskipulagsbreyting – 2408027**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til deiliskipulags búgarðabyggðar í landi Stórholt, Smáholts og Litlaholts. Breytingin er gerð samhliða aðalskipulagsbreytingu þar sem skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði og hluta landsins. Í breytingunni felst að skilgreind er lóð Þjósárbraut 2A. Á lóðinni er heimilt að reisa um 350 fm þjónustuhús, þar sem jafnframt er heimilt að hafa 4 - 5 gistirými fyrir samtals um 20 gesti og um 30 - 40 gestahús til útleigu, sem eru um 30 fm hvert, fyrir samtals um 60 - 80 gesti. Enn fremur er heimilt að reisa um 200 fm íbúðarhús/starfsmannahús og um 200 fm aukahús s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eða geymslu/skemmu.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að viðkomandi breyting á deiliskipulagi svæðisins verði samþykkt til auglýsingar. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingu á deiliskipulagi.*



Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingar á deiliskipulagi Þjórsárbrautar 2 L237564 til auglýsingar og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**Nr. 286, dags. 28.08.2024**

**a) Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri; Aðalskipulagsbreyting – 2408073**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreiningar á vatnsbóli í landi Hjálmholts. Vatnsbólið er í Flóahreppi en vatnsverndarsvæði er skilgreint þvert á sveitarfélagsmörk í Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun. Samhliða er gerð breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þar sem gerð er grein fyrir vatnsverndarsvæði. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna skilgreiningar á nýju vatnsbóli í landi Hjálmholts og vatnsverndarsvæði tengt því.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Skálmholt land L186111; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting – 2405029**

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps er varðar íbúðarsvæði Skálmholts L186111 eftir yfirferð Skipulagsstofnunar. Að mati stofnunarinnar þurfti að gera með ítarlegri hætti grein fyrir heimildum breytinganna og er því lögð fram uppfærð tillaga. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu á aukahúsum tengdum uppbyggingu á íbúðarhúsalóðum.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á grundvelli framlagðra gagna og rökstuðnings. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent skipulagsstofnun til samþykktar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir óverulega breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem nær til íbúðarsvæðis í Skálmholts L186111, á grundvelli framlagðra gagna og rökstuðnings, og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Niðurstaða sveitarfélagsins verður auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 209, dags. 15.08.2024**

Lagðar fram til kynningar.

**3. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga – lokun skrifstofu**

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin í Reykjavík dagana 10.-11. október. Sveitarstjórn Flóahrepps ásamt starfsmönnum skrifstofu munu sækja ráðstefnuna í ár. Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð dagana 10.-11. október og að lokun verði auglýst á heimasíðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Málefni Arnardrangs hses.**

Oddviti fór yfir hugmyndir stjórnar Arnardrangs hses. um yfirtöku Brákar á verkefnum Arnardrangs og tillögur stjórnar þess efnis. Málið var rætt á ársfundi félagsins þann 29. ágúst. Lagt fram til kynningar.





## 5. Gjaldskrár í leikskóla og vegna frístundar við Flóaskóla

Fyrir liggur að hækkanir skv. vísitölu tóku gildi á gjaldskrár vegna leikskólagjalda, fæðis í leikskóla og gjalds vegna frístundar við Flóaskóla skv. útgefni gjaldskrá. Gjaldskrár voru ekki hækkaðar 1. febrúar skv. ákvörðun sveitarstjórnar þann 9. janúar 2024.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að hækka gjaldskrár vegna leikskólagjalda, fæðis í leikskóla og gjalds vegna frístundar við Flóaskóla um 3,5% frá 1. ágúst 2024 í stað 6,3% sem væri hækkin ef farið væri eftir vísitölu. Er þetta í samræmi við fyrri bókanir sveitarstjórnar um áskorun til sveitarfélaga í tengslum við kjarasamninga 2024 og yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga því tengdu. Útgefni reikningar fyrir ágúst verða leiðréttir skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

## 6. Fundargerðir

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 301, dags. 13.08.2024
- b) Vinnuhóps um sameiginlega atvinnustefnu í Árborg, Flóahreppi og Hveragerði dags. 15.08.2024

Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að finna hentuga dagsetningu fyrir íbúafund vegna atvinnustefnu og skal stefnt að því að fundurinn verði ekki síðar en 15. október.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- c) Stjórnar Bergisans nr. 75, dags. 12.08.2024
- d) Stjórnar Arnardragns hses. nr. 15, dags. 12.08.2024
- e) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 237, dags. 20.08.2024
- f) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 12, dags. 26.08.2024

## 7. Efni til kynningar

- a) Frá Óbyggðanefnd – Þjóðlendumál: framlengdur kröfufylsingarfrestur landeigenda vegna eyja og sketja
- b) Frá Samgöngustofu – Umferðarþing 2024
- c) Samantekt um minkaleit í Flóahreppi 2024
- d) Frá Umhverfisstofnun – Ábending vegna lyktarmengunar í Flóahreppi
- e) Frá Byggðasafni Árnesinga – Gullspor örsýning og söguganga
- f) Frá UMFÍ – Ungt fólk og lýðheilsa – Ungmennaráðstefna  
Sveitarstjóri hefur áframsent boð á ráðstefnuna á formenn ungmennaráðs, íþróttæskulýðs- og menningarnefndar og formann stýrihóps um heilsueflandi samfélag sem jafnframt er forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar.
- g) Frá Úrvinnslusjóði – Greiðslur vegna sérstakrar söfnunar umbúða janúar-mars 2024
- h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 17. september kl. 16:00 í Þingborg.

## 8. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson  
Harpa Magnúsdóttir

Hulda Kristjánsdóttir  
Harpa Magnúsdóttir

Walter Fannar Kristjánsson



## Fundargerð nr. 24

## Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Þriðjudagur 27. ágúst 2024
Fundartími:	8:15-9:45
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Vatnsveita

- a) Sveitarstjóri tók saman upplýsingar úr reikningum verktaka á milli funda. Börkur er að vinna úr þeim gögnum til að fá betri yfirsýn yfir helstu verkefni, nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni undanfarin ár. Einnig hefur hann verið í áframhaldandi samskiptum við verktaka til að fá betri upplýsingar um stöðu mála svo auðveldara sé að forgangsraða framkvæmdum og fjárfestingu.

Eftir samtöl og skoðun á málunum er metið svo að stóra lögnin meðfram Þjóðvegi 1 sé stóra vandamálið þ.e. gamla lögnin sem enn er notuð samhliða nýrri lögn. Þegar nýrri lögnin var lögð var meiningin að afleggja hina lögnina en svo ákveðið að nýrri lögnin myndi fæða dæluhúsið við Þingborg sem dælir vatni svo áfram. Sú lögn er 6 bór og á að duga þó eldri lögnin væri lögð af. Kallar á dælu nær Selfossi.

Að mati nefndarinnar ætti það að vera á 3-5 ára plani að afleggja eldri lögnina við Þjóðveg 1 og koma henni alveg yfir í nýrri lögnina.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að Börkur Brynjarsson geri kostnaðaráætlun í nýjan dæluhús og þann búnað sem þarf til. Búnaður verði keyptur á árinu 2024 eins og fjárheimildir leyfa. Nefndin óskar eftir því við sveitarstjórn að tekið verði tillit til þeirrar framkvæmdar í fjárhagsáætlun næsta árs.

Sveitarstjóri kanni möguleikann á staðsetningu fyrir dæluhús í samráði við landeigendur og þá í kjölfarið lóðastofnun ef til þess kemur.

- b) Fyrir liggur að leggja þarf heimæð að Stórhólma, nærri Klængsseli. Lögnin sem liggur þar er orðin léleg og algeng vandamál þar. Hugmynd að nýta framkvæmdina við heimæðina til að afleggja hluta af lögninni þar sem mestu vandamálin eru til staðar og leggja nýja. Neðri leggurinn á lögninni verði tekinn og tengti inná og svo haldið áfram með þessa lögn síðar.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að fara af stað í þessa framkvæmd samhliða nýrri heimlögn að Stórhólma, enda rúmist það innan fjárfestingaráætlunar vegna vatnsveitu sem samþykkt er af sveitarstjórn.





*Nefndin óskar eftir því við sveitarstjórn að tekið verði tillit til þeirrar framkvæmdar í fjárhagsáætlun næsta árs.*

- c) Bórkur talar um að við fáum ekki aðgang inn á vöktunina hjá Selfossveitum. Þurfum að koma okkur upp vöktunarbúnaði og klára að koma ljósleiðara inn á alla dæluskúrana. Bórkur tekur saman kostnaðinn við þær aðgerðir. Nefndin ítrekar mikilvægi þess að halda áfram með vöktunarmálin og tengingu dæluskúra við ljósleiðara.

## 2. Huldu- og Maríuhólar – Nýttengingar og framkvæmdir

Sótt hefur verið um 5 nýttengingar í Huldu- og Maríuhólum í samræmi við samtal og ákvarðanir landeiganda og Flóahrepps. Bórkur mun klára kostnaðaráætlun fyrir 5 nýttengingar.

Bórkur er með drög að verklýsingu sem samningur á milli landeiganda/framkvæmdaaðila og Flóahrepps myndi byggja á vegna framkvæmda í Huldu- og Maríuhólum.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um kostnað á þessu verki. Bórkur hefur kallað eftir grunninum um þetta verk frá framkvæmdaaðila/landeiganda en bíður enn eftir svörum. Bórkur mun klára heildarkostnaðarmat á svæðinu og gera áætlanir á nýtningum.

## 3. Fráveitumál í Brandshúsum

Ljóst er að skoða þarf fráveitumálin í öllu Brandshúshverfinu þ.e. allar þrjár rotþærnar og aðrennsli að þeim. Tillaga Barkar er að setja brunn við innrennslið með dælu sem dælir upp í siturbeð sem stendur ofar.

Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt að fela Berki Brynjarssyni og framkvæmda- og veitunefnd að vinna að úrlausn vegna frárennslisvandamála í Brandshúshverfinu skv. bókun frá 13. ágúst 2024.

*Framkvæmda- og veitunefnd leggur áherslu á að farið verði í framkvæmdir við frárennsliskerf í Brandshúshverfinu í haust og að þeim sé lokið fyrir veturinn. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að í framhaldi verði farið í samtal við lóðarleiguhafa í hverfinu m.t.t reksturs á fráveitukerfinu.*

*Bent er á að ekki er gert ráð fyrir þessum framkvæmdum í fjárhagsáætlun 2024 og því kallar þessi ákvörðun á viðauka.*

## 4. Breytingar á Þingborg.

Gróf kostnaðaráætlun í kringum 30 milljónir ( +/- 20% vikmörk). Hugmyndirnar gera ráð fyrir stækkun um ca 60 m<sup>2</sup> á salnum og svo áhaldageymsla aukalega.

*Sveitarstjóri setur saman erindi fyrir sveitarstjórn með kostnaðaráætlun og helstu upplýsingum um mögulegar breytingar á Þingborg út frá umræðum og bókunum nefndarinnar.*

## 5. Fréttir úr Flóaskóla

Búið að setja útihurðir og ganga frá í kringum þær. Búið að helluleggja frá starfsmannainngangi og næsta skref er að smíða bíslag/skjól við starfsmannainngang ásamt skjólveggjum á útíkennslusvæði. Þær framkvæmdir eiga að klárast á árinu. Beðið verður með að filma innréttingar í heimilisfræðistofu, stefnt að því að nota haust, eða jólafrí í það.

*Berki falið að kalla eftir úttekt frá byggingafulltrúa, brunavörnum og Heilbrigðiseftirliti.*



Börkur og starfsmaður frá Agli Guðjóns ehf. fóru yfir stofnlögnina með frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum á dögnum. Smá kafli sem verktaki mun laga þvertengingar eru ekki inni í verkefninu og okkar verktakar taka það síðar. Börkur hefur verið í samskipti við þá. Börkur setur saman stutta skýrslu um lok verkefnisins.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 24. september kl. 8:15 í Þingborg.

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*



DIGITAL SIGNATURE 26.8.2024 15:43:29 GMT	DIGITAL SIGNATURE 26.8.2024 22:28:02 GMT	DIGITAL SIGNATURE 27.8.2024 08:10:39 GMT	DIGITAL SIGNATURE 27.8.2024 08:36:33 GMT
<u>Grétar Ingi Erlendsson</u> Grétar Ingi Erlendsson Reason: Signature	<u>Knútur Emil Jónasson</u> Knútur Emil Jónasson Reason: Signature	<u>Árni Eiríksson</u> Árni Eiríksson Reason: Signature	<u>Jónína Brynjólfssdóttir</u> Jónína Brynjólfssdóttir Reason: Signature
DIGITAL SIGNATURE 27.8.2024 10:43:00 GMT	DIGITAL SIGNATURE 27.8.2024 11:14:11 GMT		
<u>Guðný Birna Guðmundsdóttir</u> Guðný Birna Guðmundsdóttir Reason: Signature	<u>Ása Valdís Árnadóttir</u> Ása Valdís Árnadóttir Reason: Signature		

## Fundargerð 74. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 16. ágúst kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfssdóttir, Knútur Emil Jónasson, Einar Kristján Jónsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Að auki sátu fundinn Gréta Mar Jósepsdóttir þjónustufulltrúi og Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Formaður kynnti stöðuna í orkumálum. Ekkert liggur enn þá fyrir varðandi skattlagningu orkumannvirkja. Áform eru um að innviðaráðuneytið setji á fót starfshóp sem vinna á í málinu, semja frumvarp og útfærslur. Samtökin leggja mikla áherslu á að unnið verði náið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum orkusveitarfélaga.

### 2. Virkjunarleyfi - 2202003SO

Orkustofnun hefur veitt Landsvirkjun virkjunarleyfi til vindorkuframleiðslu í Búrfellslundi.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vilja að gefnu tilefni minna á bókun samtakanna í fundargerð dagsett 17. febrúar 2023 þar sem stjórn bókaði:

„Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum og að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040. Því er mikilvægt að ríkið meti stöðu á framleiðslu á raforku á Íslandi, áætli þörf til frekari framleiðslu og ákveði með hvaða móti og hvar skuli afla þeirrar orku út frá ýmsum þáttum svo sem umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum með Rammaáætlun eða öðru sambærilegu ferli. Endurskoða þarf hverjar heimildir sveitarfélaga eigi að vera til gjaldtöku og eða álagningar gjalda og meta hvort leitast eigi við aðrar heimildir svo sem til skattaafsláttar eða samfélagssjóða eða annað sem hefur efnahagsleg áhrif fyrir sveitarfélög, ágóða landeigenda, bætur til fasteignaeigenda í grennd vegna virðisminnkunar, tryggingar vegna umhverfisskaða á framkvæmdar- og rekstartíma og vegna niðurrifs að rekstartíma liðnum og fleira. Arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem

orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngjarnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfsemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög“.

Þann 23. febrúar sl. kom stjórn saman og fékk kynningu frá formanni starfshóp um skattlagningu orkuvinnslu og var í kjölfarið bókað eftirfarandi: „Stjórn þakkar Hilmarí Gunnlaugssyni formanni starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu fyrir góða kynningu. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga tekur jákvætt í þróun mála og fagnar því að fram séu komnar tillögur um breytingar á skattlagningu orkuvinnslu og vonar að með því sé kominn skriður í málið. Áður hafa verið skipaðir tveir aðrir starfshópar um þetta mál en hvorugur þeirra komst að niðurstöðu. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vill lýsa mikilli ánægju yfir þeirri vinnu sem unnin hefur verið og list nokkuð vel á framkomnar tillögur. Stjórnin er þó ekki sannfærð um ágæti þeirrar tillögu að blanda Jöfnunarsjóði inn í vinnuna en þar sem enn er þó nokkrum spurningum ósvarað í tengslum við tillögurnar þá lítur stjórnin svo á að þetta sé verkefni í vinnslu og tími muni gefast til nánara samtals. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hlakkar til að sjá tillögur um endanlegar útfærslur“.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vill minna á að allir hagaðilar eru sammála um að nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga hvetur því ríkisstjórn til þess að flýta vinnunni þannig að bæði stefnu og skattamál allra orkuvinnslu verði skýr sem allra fyrst.

**3. Aðalfundur 2024 - undirbúningur - 2403003SO**

Rætt um skipulag aðalfundar sem verður haldinn 9 október kl: 13:00 - 14:00

**4. Orkufundur 2024 - undirbúningur - 2403002SO**

Rætt um skipulag orkufundar sem verður haldinn 9 október kl: 14:30 - 15:30. Ýmsar hugmyndir komu fram um efni orkufundar. Áfram verður unnið að útfæra þær hugmyndir og þær teknar fyrir á næsta stjórnarfund.

Fundi var slitið kl. 10:00



## Fundargerð 75. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 6. september kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Knútur Emil Jónasson.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sérfræðingur og Gréta Mar Jósepsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2024 - 2403003SO

Fyrir liggur að aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn 9. október 2024. Dagskrá fundar rædd m.a. fjárhagsáætlanir, ársreikningar, þóknun stjórnar og árgjöld ásamt mögulegum hækkunum. Mikið hefur áunnist frá síðasta aðalfundi ásamt því að samtökin hafa verið mjög virk og þarf að taka mið af því. Formanni falið að ræða við formenn annarra samtaka innan Sambands íslenskra sveitarfélaga í tengslum við aðildargjöld og þóknun stjórnar.

Starfsmanni stjórnar orkusveitarfélaga falið að senda út tölvupóst til sveitarfélaga sem ekki eru aðildarsveitarfélög og kanna með áhuga á að ganga í samtökin.

### 2. Orkufundur 2024 - 2403002SO

Rætt var almennt um dagskrá Orkufundar sem haldinn verður 9. október nk. Lagt er til að yfirskriftin verði, Stendur hnífurinn í kúnni? Þar sem enn eru nokkur atriði óljós í tengslum við orkumál þá er formanni falið að klára að setja upp dagskrá.

Næsti stjórnarfundur orkusveitarfélaga verður haldinn 7. október nk. kl 15:00.

Fundi var slitið kl. 10:00



## 612. fundur stjórnar SASS

Hestheimum í Ásahreppi

22. ágúst 2024, kl. 12:50 – 13:55

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Gauti Árnason, Jóhannes Gissurarson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar Sandra Sigurðardóttir forfallaðist. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn sem nú er haldinn að Hestheimum í Ásahreppi en eftir fundinn fer vinnufundur stjórnar fram.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð 611. fundar staðfest og hún og fundargerð 610. fundar undirritaðar. Framvegis verða fundargerðir undirritaðar rafrænt.

### 2. Ársþing SASS 2024

Formaður kynnir frumdrög að dagskrá ársþings SASS 2024. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra dagskrá til samræmis við góðar umræður á fundinum.

### 3. Sóknaráætlun Suðurlands 2025 - 2029

Formaður kynnir að uppfærð verk- og tímaáætlun við gerð stefnumörkunar Sóknaráætlun Suðurlands 2025 – 2029 liggja fyrir fundinum. Einnig liggja fyrir helstu atriði frá vinnufundinum á aukaaðalfundi samtakanna í Vestmannaeyjum í júní sl.

### 4. Önnur mál til kynningar og umræðu

#### a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 151. fundar stjórnar Austurbrúar, fundargerðir 1. og 2. funda stjórnar SSA, fundargerðir 580. og 581. funda stjórnar SSH, fundargerðir 949. og 950. funda stjórnar sambandsins.

#### b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi s.s. heimsókn formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga til innviðaráðherra í síðustu viku, undirbúning fyrir vinnufund stjórnar, gerð samnings við stofnaðila um framhald verkefnisins Orkídeu og atriði tengd gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið.





Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 6. september nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 13:55

Anton Kári Halldórsson  
Árni Eiríksson  
Brynhildur Jónsdóttir  
Njáll Ragnarsson  
Arnar Freyr Ólafsson  
Gauti Árnason  
Jóhannes Gissurarson  
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

**Stjórn byggðasamlags UTU - 113. fundur**  
**haldinn á Laugarvatni, miðvikudaginn 28. ágúst 2024**  
**og hófst hann kl. 10:36**

**Fundinn sátu:**

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

**Dagskrá:**

**1. Minnisblað frá Hrunamannahreppi**

Lagt fram minnisblað sem unnið var fyrir Hrunamannahrepp vegna mögulegra breytinga á samþykktum UTU, minnisblaðið var unnið af GB Stjórnsýsluráðgjöf um skipulagsmál dags. 16. maí 2024. Í minnisblaðinu er m.a. ábending til umræðu um að breyta samþykktum UTU á þann veg að skipulagsnefndir geti verið starfræktar í hverju sveitarfélagi fyrir sig en ekki ein sameiginleg skipulagsnefnd aðildarsveitarfélaganna eins og núverandi samþykktir UTU gera ráð fyrir.

*Minnisblaðið hefur verið lagt fram til kynningar og tekið til umræðu í aðildarsveitarfélögum UTU. Stjórnarmenn kynntu og fóru yfir umræður sinna sveitarstjórna um framkomnar ábendingar í minnisblaðinu og núverandi fyrirkomulag skipulagsnefndar.*

*Stjórn þakkar Hrunamannahreppi fyrir minnisblaðið og góðar ábendingar til umræðu en í ljósi umræðu og bókana sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna vegna minnisblaðsins þá telur meirihluti stjórnar ekki tilefni til að breyta fyrirkomulagi á uppsetningu skipulagsnefndar UTU.*

*Fulltrúi Hrunamannahrepps óskar eftir því við aðildarsveitarfélög UTU að samþykktum UTU verði breytt, þar sem heimilað yrði að aðildarsveitarfélög UTU gætu starfrækt sína eigin skipulagsnefnd ef þau kjósa svo, með vísan í bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 16. maí sl.*

**2. Samþykktir UTU**

Á 111. fundi stjórnar bókaði stjórn að gera ráð fyrir að fara í heildarendurskoðun á samþykktum UTU eftir sumarfrí.

*Stjórn leggur til að beðið verði með vinnu við samþykktarbreytingar þar til aðildarsveitarfélögin hafa tekið afstöðu til dagskrárliðs nr. 1 hér að ofan.*

*Samþykkt samhljóða.*

**3. Hverabraut 6**

Mikil ánægja er með nýja skrifstofuhúsnæði UTU, fer vel um starfsfólk og starfsemina.

Von er á fyrsta leigjandanum 1. sept. í opna rýmið í húsnæðinu sem er ekki í notkun.

*Stefnt er að halda opið hús í samstarfi við Bláskógabyggð þegar búið er að ganga frá lóðinni í kringum húsið.*

*Samþykkt samhljóða.*



#### 4. Seyruverkefnið

Búið var að hreinsa 929 rotþrær 1. ágúst en gert er ráð fyrir miða við núverandi fyrirkomulag að hreinsa tæpar 1600 þrær þetta árið að undanskildum aukahreinsunum sem við höfum verið að sinna.

Rekstur Seyrustaða vegna móttöku á seyru hefur verið frekar rólegur það sem af er tímabilinu en gerum ráð fyrir að það fari að aukast núna jafnt og þétt vegna móttöku á seyru. Starfsmenn UTU halda utan um móttökuna á seyru í samstarfi við Fögrusteina.

Skrifstofustjóri er að kanna möguleika á því að geta tekið við seyru allt árið í samstarfi við Heilbrigðiseftirlitið og aðra sem eiga hlut að máli.

1. júní kom sumarstarfsmaður á seyrubifreið UTU, þörf er að manna stöðuna til framtíðar. Skrifstofustjóra falið að auglýsa stöðuna.

*Stjórn felur skrifstofustjóra að ramma inn samkomulög vegna móttöku á seyru við þau sveitarfélög sem hafa óskað eftir því að koma með seyru að Seyrustöðum.  
Samþykkt samhljóða.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:05**

---

Helgi Kjartansson

---

Walter Fannar Kristjánsson

---

Björn Kristinn Pálmarsson

---

Jón Bjarnason

---

Haraldur Þór Jónsson

---

Ísleifur Jónasson


# Undirritunarsíða

Formaður  
Haraldur Þór Jónsson



Undirritað af:  
Haraldur Þór Jónsson  
2705765089  
Dags: 30.08.2024  
Tími: 14:54:24  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 06f63b5a-95e5-4a07-800e-ceb8c3337081

Aðalmaður  
Helgi Kjartansson



Undirritað af:  
Helgi Kjartansson  
0211715499  
Dags: 28.08.2024  
Tími: 15:33:54  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 06f63b5a-95e5-4a07-800e-ceb8c3337081

Aðalmaður  
Ísleifur Jónasson



Undirritað af:  
Ísleifur Jónasson  
1205754309  
Dags: 28.08.2024  
Tími: 15:43:45  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 06f63b5a-95e5-4a07-800e-ceb8c3337081

Aðalmaður  
Jón Bjarnason



Undirritað af:  
Jón Bjarnason  
2501932629  
Dags: 30.08.2024  
Tími: 21:21:06  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 06f63b5a-95e5-4a07-800e-ceb8c3337081

Aðalmaður  
Walter Fannar Kristjánsson



Undirritað af:  
Walter Fannar  
Kristjánsson  
0609892229  
Dags: 28.08.2024  
Tími: 15:42:48  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 06f63b5a-95e5-4a07-800e-ceb8c3337081

Varaformaður  
Björn Kristinn Pálmarsson



Undirritað af:  
Björn Kristinn Pálmarsson  
0112824239  
Dags: 28.08.2024  
Tími: 15:37:17  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: 06f63b5a-95e5-4a07-800e-ceb8c3337081



# Ársfundur Arnardrangs hses. 2024

haldinn í fjarfundarbúnaðinum Teams, þann 29. ágúst 2024  
klukkan 13:00

**Mætt:** Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Bragi Bjarnason, Aldís Hafsteinsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Björn Kristinn Pálmarsson, Einar Kristján Jónsson, Ellý Tómasdóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Árni Eiríksson, Árný Hrund Svavarsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Jón Bjarnason, Jóhanna M. Hjartardóttir, Jóhanna Margrét Einarsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Kristín Hreinsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Pétur Georg Markan, Sveinn Ægir Birgisson, Sýlvía Karen Heimisdóttir.

**Aðrir gestir;** Einar Georgsson og Elmar Erlendsson frá Brák íbúðafélagi hses, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans bs.

## Setning

Íris Ellertsdóttir starfsmaður stjórnar Bergrisans bs. bauð fundarmenn og áheyrendur velkomna og setti ársfund Arnardrangs hses.

## Kjör fundarstjóra og fundarritara

Íris Ellertsdóttir lagði til að Bragi Bjarnason verði fundarstjóri og að Ása Valdís Árnadóttir verði ritari.

Tillaga samþykkt samhljóða.

### 1. Skýrsla stjórnar.

Ása Valdís Árnadóttir kynnti starfsemi stjórnar Arnardrangs vegna ársins 2023. Skýrsla stjórnar verður send út með aðalfundargerðinni.

### 2. Kynning á ársreikningi.

Anton Kári Halldórsson kynnti ársreikning Arnardrangs fyrir árið 2023 og fór stuttlega yfir drög að uppgjöri að Nauthaga 2.

### 3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Skýrsla stjórnar og ársreikningur er lögð fram til samþykktar. Skýrsla og ársreikningur samþykkt samhljóða.

### 4. Kynning á Brák íbúðafélagi hses.

Framkvæmdastjóri Brákar, Einar Georgsson, kynnti Brák íbúðafélag hses og var Elmar Erlendsson fyrrum framkvæmdastjóri honum innan handar. Góðar umræður urðu um íbúðafélagið.

### 5. Tillaga um yfirtöku Brákar á verkefnum Arnardrangs.

Lagt er til að ársfundur samþykki að öll verkefni Arnardrangs hses., þ.e. Nauthagi 2 og önnur uppbyggingarverkefni sem síðar kunna að verða á starfssvæði Bergrisans, verði

færð yfir til Brákar íbúðafélags hses að því gefnu að yfirtakan verði aðildarsveitarfélögum að skaðlausu (að undanskildu upphaflegu stofnframlagi sem var 1 mkr) og með fyrirvara um samþykki Brákar. Er stjórn og starfsfólki falið að klára yfirfærsluna að þessum skilyrðum uppfylltum. Samþykkt samhljóða að fresta málinu.

Samþykkt samhljóða að stjórn verði falið að taka saman töluleg gögn miðað við óbreytta sviðsmynd og breytta sviðsmynd og í haldi í kjölfarið kynningarfund um gögnin.

#### 6. Tillaga um slit Arnardrangs hses.

Lagt er til að ársfundur samþykki að gangi yfirfærsla verkefna yfir til Brákar íbúðafélags hses eftir þá skuli slíta félaginu Arnardrangur hses þegar því er lokið. Er stjórn og starfsfólki þá falið að ganga frá því þegar þar að kemur.

Samþykkt samhljóða að fresta málinu.

#### 7. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.

Lagt er til að ársfundur samþykki að nafni félagsins sé breytt í Arnardrangur íbúðafélag hses.

Samþykkt samhljóða breyta nafni félagsins í Arnardrangur íbúðafélag hses.

#### 8. Breyting á stjórn og kosning varamanna.

Lögð fram tillaga um að aðalmenn í stjórn verði:

Anton Kári Halldórsson, Rangárþing Eystra

Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Og að varamenn í stjórn verði:

Sandra Sigurðardóttir, Hveragerðisbær

Eggert Valur Guðmundsson, Rangárþing Ytra

Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

Tillaga um aðalmenn og varamenn í stjórn samþykkt samhljóða.

#### 9. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl. 14:30



Ársfundur Arnardrangs hses 2024  
- Skýrsla stjórnar -

Ágætu fundargestir

Það var mikil gleði sem einkenndi þann hóp sem kom saman í maí sl. og fagnaði opnun á glæsilegu nýju búsetuúrræði að Nauthaga 2 á Selfossi. Um var að ræða fyrsta sértæka íbúðakjarnann á starfssvæði Bergrisans og Arnardrangs frá árinu 2007 og því löngu tímabær áfangi.

Framkvæmdir tókust vel og átti Arnardrangur í góðum og farsælum samskiptum við aðalverktaka hússins, Mineral ehf, ásamt VSB verkfræðistofu sem sá um útboðsmál og eftirlit á framkvæmdatíma og er þeim þakkað gott samstarf. Til viðbótar áttu fjölmargir aðilar aðkomu að málinu, allt frá greiningarvinnu í byrjun, eftirlit og eftirfylgni hjá byggingarnefnd á framkvæmdatíma og að undirbúningi opunar og er þeim öllum þakkað kærlega fyrir frábæra vinnu. Þó er vert að minnast sérstaklega á Írisi Ellertsdóttur, verkefnastjóra Bergrisans, sem hefur leitt þetta verkefni með glæsibrag undanfarin misseri og er henni sérstaklega þakkað vel unnin störf.

Þrátt fyrir að mikill og stór áfangi hafi náðst með opnun Nauthaga 2 má ekki slá slöku við og var þegar árið 2023 byrjað að leggja drög að næsta verkefni. Eftir þarfagreiningu samþykkti stjórn Arnardrangs að næsta verkefni yrði á Hvolsvelli og er þegar hafin vinna við útfæra mögulega búsetukosti og finna staðsetningu. Þá eru starfshópar farnir af stað til að skoða og útfæra framtíðarskipulag búsetuúrræða til næstu ára á starfssvæði Bergrisans og Arnardrangs.

Þrátt fyrir metnaðarfull markmið um fjölgun búsetuúrræða þá er ljóst að Arnardrangur mun aldrei geta náð fram þeirri stærðarhagkvæmni sem æskileg er til að geta sinnt uppbyggingu, rekstri og viðhaldi á húsnæði til lengri tíma. Því hefur stjórn skoðað og samþykkt að leggja til við ársfund að færa verkefni Arnardrangs inn í stærra og sterkara íbúðafélag eins og nánar verður vikið að hér á eftir. Er það von stjórnar að fundarmenn taki vel í þá hugmynd, Bergrisanum og málaflökki fatlaðra á Suðurlandi til heilla.

Stjórn Arnardrangs



## FUNDARGERÐ

<b>SKJALALYKILL</b>	<b>VERKHEITI</b>	
106365-FUN-007-V01	Hringvegur (1) um Ölfusá – samræming veitulagna	
<b>DAGS. / TÍMI FUNDAR</b>	<b>VERKKAUPI</b>	
30.08.2024 / 10:00	Vegagerðin	
<b>NR. FUNDAR</b>	<b>FUNDAREFNI</b>	
07	Fundur með veitufyrirtækjum	
<b>FUNDARGERÐ</b>	<b>FUNDARBOÐARI</b>	<b>FUNDARSTAÐUR</b>
ETS / 02.09.2024	Einar Óskarsson (Vegagerðin)	Teams
<b>FUNDARMENN</b>		<b>FYRIRTÆKI</b>
Árni Eiríksson		Flóahreppur
Börkur Reykjalín Brynjarsson		Efla
Eggert Sveinsson		Efla
Einar Óskarsson		Vegagerðin
Friðrika Marteinsdóttir		Landsnet
Gunnar Magnús Jónsson		Míla
Margrét Ósk Aronsdóttir		Vegagerðin
Ómar Þór Baldursson		HS Veitur
Svanur G. Bjarnason		Vegagerðin
Vígfús Þór Hróbjartsson		Flóahreppur
Víglundur Guðmunsson		RARIK
Örvar Steingrímsson		Efla
<b>FJARVERANDI</b>		<b>FYRIRTÆKI</b>
<b>DREIFING</b>		<b>FYRIRTÆKI</b>
Veitufyrirtæki, Vegagerðin		
<b>FUNDARSKJÖL</b>		<b>NÆSTI FUNDUR</b>
Samningsgögn milli Vegagerðar og verktaka		Ekki rætt
<b>DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR</b>		<b>ÁBYRGÐ / ÁKVÖRDUN</b>

### 1. Staða verkefnisins

Þessi fundur var boðaður þar sem gert hafði verið ráð fyrir að niðurstöðu varðandi samning milli Vegagerðarinnar og verktaka, væri að vænta í vikunni. Hins vegar hefur engin ákvörðun verið tekin ennþá, hjá ráðuneytunum.

Ef jákvætt svar kemur frá ríkisstjórninni varðandi að fara af stað með verkefnið, þá gæti verkefnið farið mjög hratt af stað.

Verktaki er að vinna í að uppfæra verkáætlun sína. Hún er hinsvegar ekki komin til Vegagerðarinnar, og því ekki hægt að sýna hana á þessum fundi. Verkáætlun verktaka verður hinsvegar að vera tilbúin þegar (ef) samningur verður undirritaður.

Verktaki myndi byrja á að vinna frá Laugardælavegi, út að Ölfusá og út í eyju. Samtímis myndi hönnunarvinna fara á fullt.

Axel hjá Vegagerðinni hættir sem umsjónarmaður verkefnisins, Höskuldur Tryggvason tekur við því verkefni ([hoskuldur.tryggvason@vegagerdin.is](mailto:hoskuldur.tryggvason@vegagerdin.is)).

Einar kynnti áætlaða kostnaðarskiptingu milli Vegagerðar og veitufyrirtækja á fundinum.

## 2. Kostnaður

Varðandi kostnað, ýmsar breytingar hafa orðið á samningsgögnum, síðan útboðið fór út.

- Ljósleiðarinn hætti við að vera með í verkefninu
- Vegagerðin bætti sínum ljósleiðara inn í verkefnið
- Ídráttarrör fyrir Landsnet og RARIK. Einingaverð vegna þessara ídráttarröra er frekar hátt í tilboðsskrá eins og staðan er. Einar á von á að þessi verð frá verktaka lækki eitthvað.

(listinn er ekki tæmandi)

Allur kostnaður sem vitað er um er inni í tilboðsskrá á þessu stigi.

Kynntar voru uppfærðar tölur og prósentuskipting vegna jarðvinnu. Þessar tölur munu að öllum líkindum taka breytingum á framkvæmdatímanum, t.d. vegna klappar og vinnu í kringum núverandi lagnir.

Einar sendir kostnaðarskiptingu eftir fundinn á veitufyrirtækin, með þeim fyrirvörum sem m.a. hafa verið ræddir á fundinum.

## 3. Samræmingarhönnun

Tilboð verktaka í samræmingarhönnun var mjög lágt, eða einungis um 800 þús. Samtal við ÞG verk og Verkís (hönnuður ÞG) hefur átt sér stað vegna þessa. Bent hefur verið á að staðsetning lagna í verkinu er háð yfirborðshönnun verktaka. Í hvert sinn sem verktaki uppfærir sína veggönnun, má gera ráð fyrir að það hafi áhrif á hvar lagnaskurðir verða staðsettir.

Gerð hefur verið breytingartillaga á verklýsingu varðandi samræmingarhönnun verktaka. Einar fór yfir áætlað fyrirkomulag varðandi samskipti veitufyrirtækja, Vegagerðarinnar og lagnahönnuðar verktaka á verk tíma.

Í samræmi við ofangreint hefur verið óskað eftir uppfærðu verði frá verktaka í samræmingarhönnun veitulagna.



Kostnaður lagnaeygenda vegna samræmingarhönnunar er þá kostnaður vegna samræmingarhönnunar verktaka sem og kostnaður við samræmingaraðila lagnaeygenda (líklega Efla).

Lagnaeygendur myndu semja beint við Eflu varðandi samræmingu milli veitufyrirtækja og samskipti við verktaka á hönnunartíma.

Hlutverk samræmingarhönnuðar verktaka verður m.a. að samræma skurðsnið veitufyrirtækja við yfirborðshönnun á vegsvæði. Hlutverk samræmingaraðila veitufyrirtækja verður m.a. að halda utan um samskipti milli veitufyrirtækja og samræmingarhönnuðar verktaka, á hönnunartíma.

Gunnar hjá Mílu talar um að mikilvægt sé að kostnaður vegna verkefnisins sé fyrirsjáanlegur, vegna fjárfestingaáætlunar.

#### 4. Samningur milli Vegagerðar og veitufyrirtækja

Aftur voru kynnt drög að samningi milli Vegagerðarinnar og veitufyrirtækja. Líklega var ekki búið að senda drögin á veitufyrirtækin. Þegar drögin verða send út, verður á sama tíma sent út minnisblað sem lýsir skiptingu kostnaðar.

**Allar upphæðir í verksamningi verða verðbættar m.v. byggingarvísitölu, grunnur í febrúar 2024.**

#### 5. Næstu skref

Einar sendir uppfærðar tölur vegna kostnaðarskiptingar.

Uppfærð verkáætlun verktaka á að liggja fyrir við undirritun samnings. Gert er ráð fyrir að verklok verði árið 2027.

Beðið eftir niðurstöðum frá ráðuneyti / ríkisstjórn varðandi hvort verkið fer af stað.

Ef verkið fer af stað, má gera ráð fyrir að hönnuðir verktaka fari hratt í sína vinnu. Gert verður ráð fyrir fundum einu sinni í mánuði með veitufyrirtækjum á hönnunartíma. Þessir fundir verða að frumkvæði verktaka.



## 6. fundur framkvæmdaráðs Almannavarna Árnæssýslu, haldinn í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi miðvikudaginn 28. ágúst 2024 kl 8:30.

Mætt: Bragi Bjarnason formaður, Ásta Stefánsdóttir varaformaður, Pétur G. Markan ritari,  
Pétur Pétursson framkvæmdastjóri, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem  
ritaði fundargerð.

### 1. Samþykktir og starfsemi Almannavarna Árnæssýslu

Umræður um starfsemi Almannavarna Árnæssýslu. Ákveðið að boða lögreglustjórnann á Suðurlandi og sviðstjóra almannavarnasviðs á fund 10.september nk til að fara yfir stöðu verkefna, hvað er framundan o.fl.

### 2. Hættumat vegna Reykjaness

Ásta sagði frá skipan fulltrúa í stýrihóp vegna áhættumats vegna eldgoss og annarra jarðhræringa á Reykjanesi. Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð hafa tilnefnt fulltrúa í stýrihópinn.

Fundi slitið kl. 9:30


## Undirritunarsíða

Bragi Bjarnason



Undirritað af:  
Bragi Bjarnason  
2504815359  
Dags: 02.09.2024  
Tími: 15:49:35  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a9b4c01b-  
5ab0-4bb8-bd18-  
659962a95ee1

Ásta Stefánsdóttir



Undirritað af:  
Ásta Stefánsdóttir  
2510703189  
Dags: 04.09.2024  
Tími: 12:46:57  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a9b4c01b-  
5ab0-4bb8-bd18-  
659962a95ee1

Pétur Georg Markan



Undirritað af:  
Pétur Georg Markan  
1602815459  
Dags: 02.09.2024  
Tími: 09:18:32  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a9b4c01b-  
5ab0-4bb8-bd18-  
659962a95ee1

Pétur Pétursson



Undirritað af:  
Pétur Pétursson  
2108735979  
Dags: 02.09.2024  
Tími: 10:02:04  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a9b4c01b-  
5ab0-4bb8-bd18-  
659962a95ee1

Lárus Kristinn Guðmundsson



Undirritað af:  
Lárus Kristinn  
Guðmundsson  
0803843199  
Dags: 02.09.2024  
Tími: 09:23:02  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a9b4c01b-  
5ab0-4bb8-bd18-  
659962a95ee1

Unna Björg Ögmundsdóttir



Undirritað af:  
Unna Björg Ögmundsdóttir  
0310795359  
Dags: 02.09.2024  
Tími: 09:19:30  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: a9b4c01b-  
5ab0-4bb8-bd18-  
659962a95ee1





## Markaðsstofa Suðurlands

### Fundargerð

3. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 2. september 2024, sem er fjarfundur að þessu sinni.

#### Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Aníta Jónsdóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Árni Eiríksson, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga  
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands  
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

#### Dagskrá

- Helstu verkefni sumarsins og það sem er framundan
- Stefnumótunarfundur stjórnar og starfsfólks 8. okt
- Starfsmannamál
- Önnur mál

#### Helstu verkefni og það sem er framundan

##### Samstarf við sveitarfélög og SASS

Vinna hefur haldið áfram í sumar við handbók um uppbyggingu ferðamannastaða en hún er helst hugsuð fyrir starfsmenn sveitarfélaga. Hún á að gera sveitarfélögum auðveldara fyrir í stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðum við uppbyggingu ferðamannastaða. Vala hefur verið að vinna þessa handbók og er búin að eiga um 10 viðtöl við mismunandi hagaðila um allt land.

*Framundan er að klára handbókina, skila til Ferðamálastofu og kynna svo innihald hennar til hagaðila.*

Þá hefur verið unnið að áhersluverkefni sóknaráætlunar um Menningarperlur og Matarauð Suðurlands og er samstarf um ákveðna verkþætti við byggðapróunarfulltrúana á Suðurlandi. Verið er að afla gagna um aðila á svæðinu sem gætu nýtt sér þetta verkefni. *Framundan er að klára þessa grunn upplýsingaöflun og boða hagaðila til vinnustofu í haust.* Í haust fer aftur af stað samtal um samninga markaðs- og áfangastaðastofanna við Ferðamálastofu og Íslandsstofu til komandi ára. Þá þarf einnig að vera komið á hreint fyrirkomulag reksturs slíkrar stofu hér á Suðurlandi. Framkvæmdastjóri og fulltrúar SASS í stjórn ganga í það mál.

Markaðsmál

#### Eldfjallaleiðin

Chris Burkard og hans teymi fór um Suðurland og Reykjanes í sumar þar sem hann tók upp efni fyrir Eldfjallaleiðina. Að verkefninu standa Markaðsstofur Suðurlands og Reykjanes, Íslandsstofa og Bláa Lónið. Hann varði um það bil einum degi á hverju áherslusvæði leiðarinnar. Talsverður tími og vinna fór í undirbúning, samskipti og skipulag ferðarinnar. Mikill og jákvæður áhugi var hjá fyrirtækjum á svæðinu til að taka þátt í þessu verkefni og gekk ferðin vel hjá þeim félögum. Fyrstu drög að myndbandinu bárust um miðjan ágúst og einnig komnar myndir sem samstarfsaðilar geta nýtt. Fylgst hefur verið með heimsóknum inn á kort á vefsíðu af Eldfjallaleiðinni og hefur heimsóknum fjölgað úr tæplega 13 þús heimsóknum í lok júní í rúmlega 60 þús í lok ágúst.

*Framundan er að klára lokafrágang myndbands, setja það í birtingu og taka svo saman gengi fyrstu mánaða kynningar á Eldfjallaleiðinni. Þá ætlar verkefnastjóri Eldfjallaleiðar að hitta bandarískt tökulið heimildapáttar á næstu dögum sem er að fjalla um áhrif eldgosanna á Reykjanesi m.a. á ferðamennsku á Íslandi.*

#### Sýningar og vinnustofur

Vestnorden ferðasýningin verður haldin í Færeyjum 23.-26. september og munu tveir starfsmenn Markaðstofunnar fara þangað, Ragnhildur og Vala. Uppsetning Vestnorden verður með sama móti og í fyrra á Íslandi og megin áherslan á fundi milli seljenda og kaupenda. Framkvæmdastjóri mun einnig sækja World Travel Market í haust sem fer fram fyrstu vikuna í nóvember og vera þar á bás Íslandsstofu. Þá óskuðum við eftir þátttöku í vinnustofu Íslandsstofu í Bandaríkjunum haust en ekki var pláss fyrir MSS að þessu sinni.

*Framundan er að ganga frá fundabókunum á sýningarnar tvær, óska eftir upplýsingum um nýjungar frá sveitarfélögum og fyrirtækjum og undirbúa kynningu og eftirfylgni.*

#### Vefur, samfélagsmiðlar, fjölmiðlafyrirspurnir og áhrifavaldar

Ýmsum fjölmiðlafyrirspurnum og áhrifavöldum svarað, t.d. verið að skipuleggja vikudvöl þýsks ljósmyndara/áhrifavalds á Suðurlandi í september. Vinna við vef og samfélagsmiðla

ávallt í gangi, m.a. hefur Sigrún, nýr starfsmaður, verið að koma sér inn í miðlunina á samfélagsmiðlunum með því að taka upp og klippa efni.

*Framundan er að taka á móti þýska áhrifavaldinum. Þá ætlar Sigrún að heyra í fyrirtækjum og óska eftir efni um þau sem má nýta á samfélagsmiðla, þetta verður verkefni sem verður unnið yfir einhvern tíma.*

#### Samstarf MAS (Markaðsstofur landshlutanna)

- MAS fundir, mánaðarlegir fundir forstöðumanna voru haldnir í júní og ágúst, sumarfrí var í júlí. Rætt m.a. um samninga við Ferðamálastofu og Íslandsstofu, það þurfi að fara að byrja þá vinnu aftur sem fyrst. Einnig rætt um sameiginlega PR vinnu í haust ásamt ýmsu öðru sem er í gangi í ferðþjónustunni þessi misserin.
- Undirbúningur er að hefjast fyrir Mannamót Markaðsstofa landshlutanna sem haldið verður 16. janúar nk.
- Haldinn var fundur í ágúst þar sem fulltrúar MAS, Hæfniseturs ferðþjónustunnar og SAF ræddu framkvæmd Menntamorgna sem er samvinnuverkefni þessara aðila. MAS munu taka að sér undirbúning og framkvæmd næsta menntamorguns sem haldinn verður í október.
- Samráðsfundir voru haldnir fyrir fundi stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs í júní og ágúst. Markaðsstofur Suðurlands, Austurlands og Norðurlands ásamt Ferðamálasamtökum Austur-Skaftafellssýslu sameinast um að skipa áheyrnarfulltrúa í stjórn þjóðgarðsins. Fulltrúinn boðar hópinn saman á stuttan fund og fer yfir dagskrá, ræðir málefni og fær punkta ef hópur hefur einhverja.

*Framundan er fyrsti undirbúningsfundur Mannamóta og sameiginlegur fundur MAS sem verður haldinn á Austurlandi að þessu sinni í lok október. Einnig er framundan vinna við samningagerð og ýmis sameiginleg verkefni.*

#### Áfangastaðaáætlun og tengd verkefni

Í júní funduðu framkvæmdastjóri og verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar með Ferðamálastofu um framvindu verkefna ársins en slíkir fundir fara fram tvisvar á ári. Áfram var unnið að verkefni um uppbyggingu áfangastaða. Verkefnastjóri hefur átt viðtöl við fulltrúa allra markaðsstofanna ásamt því að rýna ýmis gögn. Stefnt er að klára verkefnið í haust. Þá er áfram unnið að þróun verkefna, t.d. Eldfjallaleiðin, Menningarperlur og Matarauður. Einnig unnið að öðrum forgangsverkefnum áfangastaðaáætlunar um efnissköpun og aukið samtal.

#### Samstarf við Íslandsstofu

Mánaðarlegir fundir voru haldnir með Íslandsstofu og forstöðumönnum MAS í júní og ágúst. Þar var helst rætt um greiningar og efni sem hægt er að nýta til að efla markaðsstarf, fengum kynningu frá Stjórn Sævari um almyrkva sólar sem verður sjáanlegur á Íslandi 12. ágúst 2026 og rætt um viðbúnað sem þarf líklega að huga að og einnig samtöl við fulltrúa PR stofu Íslandsstofu vegna fréttamiðlunar. Þá bauð Íslandsstofa til opins fjarfundar um stöðu ferðþjónustu og markaðssetningu Íslands þar sem Oddný nýr fagstjóri ferðþjónustu og



Daði nýr forstöðumaður markaðssamskipta Íslandsstofu fóru yfir gögn og greiningar um efnið.

*Framundan er skil á efni í september í fréttabréf Íslandsstofu vegna World Travel Market og svo öðru almennara efni sem nýta má í samskiptum.*

#### Innra starf

- Ýmsir aðilar hafa notið ráðgjafar á tímabilinu, m.a. vegna markaðsmála, sýninga og fleira. Einnig verið fundað með nýjum fyrirtækjum í samstarfi ásamt kynningu á starfseminni fyrir vonandi verðandi samstarfsfyrirtæki.
- Framkvæmdastjóri flutti kynningu um starfsemi Markaðsstofunnar á Hótel Grímsborgum fyrir starfsfólk á sölu- og markaðssviði Smyrilline á Íslandi, Færeyjum, Danmörku og Þýskalandi.
- Aðildargjöld 2024/2025 voru send út í byrjun ágúst og hafa skilað sér vel.

#### Vinnufundur stjórnar og starfsfólks

Ákveðið var í vor að halda vinnufund stjórnar og starfsfólks í haust og ákvað stjórn að hann verði þann 8. október næstkomandi. Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar munu undirbúa efni fundar og senda á stjórn.

#### Starfsmannamál

Nýr starfsmaður hóf störf í lok júlí og heitir hún Sigrún Þuríður Runólfsdóttir en hún hefur aðsetur á skrifstofunni á Selfossi. Annar nýr starfsmaður, Árdís Erna Halldórsdóttir, mun hefja störf í byrjun í október en hún verður með aðsetur á Höfn í Hornafirði.

#### Önnur mál

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Fundi slitið kl. 11:05

## Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings haldinn á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi 10. september 2024, kl. 14:00

### Mættir eru:

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps  
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps  
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar  
Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Að auki sátu Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri í Bláskógabyggð, Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri í Grímsnes- og Grafningshreppi og Sýlvía Karen Heimisdóttir sveitarstjóri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.  
Árni Eiríksson, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

### 1. Starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu

Það liggur fyrir að formaður stjórnar hefur verið og verður fjarverandi eitthvað áfram.  
Stjórn samþykkir að ritari stjórnar, Aldís Hafsteinsdóttir sinni formannsstöðu þar til  
Hulda Kristjánsdóttir kemur aftur til starfa.

Stjórn samþykkir að fela Aldísi að ræða við deildarstjóra byggðasamlagsins og kanna  
stöðuna. Jafnframt er samþykkt að auglýst verði eftir starfsfólki ef þörf er á.

Ákveðið að boða til stjórnarfundar þann 24. september klukkan 15:00 í Þingborg, bæði  
aðal- og varamenn verða boðaðir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.



## Fundargerð

**21. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. Kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 3. september 2024 og hófst kl. 8:15**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Ingibjörg Garðarsdóttir.

**1. Fundarsetning**

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

**2. Haustfundur Héraðsnefndar**

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnessýslu samþykkir að haustfundur Héraðsnefndarinnar verði haldinn í Bláskógabyggð þriðjudaginn 15. október.

**3. Erindi v/vegs að Öndverðarnesi, tölvupóstur dags. 2. júlí 2024**

Framkvæmdastjórn sér ekki fært að verða við erindinu en heimilar landeigendum að sinna viðhaldi á veginum á sinn kostnað. Formanni falið að svara erindinu.

**4. Samþykktir stofnanna Héraðsnefndar**

Drög að samþykktum Tónlistarskóla Árnésinga voru til umræðu. Steinunn Erla frá Lögmönnum Suðurlands kemur á næsta fund framkvæmdastjórnar til að fylgja eftir samþykktunum.

**5. Næsti fundur stjórnar**

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þriðjudaginn 10. september kl. 8:15 á Teams.

Fundi slitið kl. 9:09

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.





## Fundargerð

**22. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnésinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 10. september 2024 og hófst kl. 8:15**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Ingibjörg Garðarsdóttir. Gestur fundarins var Steinunn Erla Kolbeinsdóttir frá Lögmönnum Suðurlands

### 1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

### 2. Drög að samþykktum Tónlistarskóla Árnésinga

Steinunn Erla lögmaður fór yfir breytingar á samþykktum Tónlistarskóla Árnésinga. Framkvæmdastjórn samþykkir að vísa þeim áfram til umræðu á haustfundi Héraðsnefndarinnar.

### 3. Fjárhagsáætlanir stofnanna fyrir árið 2025

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndarinnar leggur til við forstöðumenn að setja ekki flata prósentu hækkun á alla liði í rekstri við gerð fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2025. Óskað er eftir því að forstöðumenn skoði alla liði í rekstri með tilliti til þess hvort hægt er að lækka þá eða láta þá standa í stað. Ef þörf er á að hækka liði sérstaklega milli ára þá þarf rökstuðningur að fylgja þeirri hækkun.

Fundi slitið kl. 9:20

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.